

Mál nr. 0556/2026 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0556/2026, Spöngin - USK25100240 (Lýsing)

Athugasemd:

Umsögn Veitna

Höfundur: Margrét María Leifsdóttir

Sent inn þann: 27.05.2026 , **Fyrir hönd:** Veitur

Viðhengi:

1.1.556-2026 Spöngin.pdf



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. maí 2026

Efni: Umsögn Veitna vegna skipulagslýsingar – Spöngin, mál nr. 556-2026

Veitur benda á að innan og við skipulagssvæðið eru innviðir fyrirtækisins vegna raforku-, hita-, vatns- og fráveituþjónustu sem taka þarf tillit til við áframhaldandi skipulagsvinnu og útfærslu uppbyggingar á svæðinu.

Með hliðsjón af fyrirhugaðri þéttingu byggðar, breytingum á umferðarskipulagi og mögulegri uppbyggingu kjallara og nýrra tenginga innan svæðisins er mikilvægt að tryggt verði nægjanlegt rými fyrir veitukerfi, aðgengi að lögnum og mannvirkjum þeirra sem og að tekið verði tillit til legu núverandi innviða við frekari hönnun svæðisins.

Veitur benda jafnframt á að ef byggingarmagn á svæðinu eykst verulega kann að þurfa að meta afhendingargetu veitukerfa á svæðinu og hvort ráðast þurfi í styrkingar á innviðum. Slíkar framkvæmdir geta verið tímafrekar í undirbúningi og framkvæmd og því mikilvægt að samráð við Veitur hefjist tímanlega á vinnslustigi skipulagsins.

Veitur óska eftir að haft verði samráð við fyrirtækið við áframhaldandi vinnslu deiliskipulagsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Margrét María Leifsdóttir

Mál nr. 0556/2026 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0556/2026, Spöngin - USK25100240 (Lýsing)

Athugasemd:

Umsögn SHS í viðhengi.

Höfundur: Halldór Ingi Jónasson

Sent inn þann: 02.06.2026 , **Fyrir hönd:** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Viðhengi:

2.1.Mál nr 26-4830 - Nýtt deiliskipulag Spöngin USK25100240 -Mál nr. 556-2026.pdf



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Hafnarfjörður
B.t. Helenu Stefánsdóttur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

02.06.2026

Varðar: Nýtt deiliskipulag - Spöngin - USK25100240

Umsögn:

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi en óskar eftir að tekið sé tillit til að vöxtur og þróun sveitarfélagsins fari saman við kröfur um brunavarnir, almannavarnir og öryggi fólks.

Huga þarf að möguleika á heildar rýmingu frá skipulögðum hverfum og svæðum, aðkomu neyðabíla og vatnsöflun til slökkvistarfa.

Virðingarfyllt,
f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins
Halldór Ingi Jónasson
Sérfræðingur - Hönnunareftirlit

Mál nr. 0556/2026 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0556/2026, Spöngin - USK25100240 (Lýsing)

Athugasemd:

Höfundur: Magnús Aðalsteinn Sigurðsson

Sent inn þann: 04.06.2026 , **Fyrir hönd:** Minjastofnun Íslands

Viðhengi:

3.1.Spong Grafarvogi lys dsk 2026.pdf



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur
(354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartún 12-14
105Reykjavík

Stykkishólmur 4. júní 2026
MÍ202605-0085/ 6.09 / M.A.S.

Efni: Spöng Grafarvogi - Nýtt deiliskipulag Lýsing - 0556/2026

Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 8. maí 2026 þar sem fram kom að Reykjavíkurborg óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags, Spöng Grafarvogi, mál nr. 0556/2026. Hægt var að hlaða niður skipulagslýsingu sem unnin var af umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, dagsett í apríl 2026.

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands
magnus@minjastofnun.is

Um er að ræða gerð nýs deiliskipulags fyrir Spöngina. Skipulagssvæðið afmarkast af Móavegi til norðurs, Borgarvegi til suðurs og Mosavegi til austurs. Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir uppbyggingu í kring um núverandi byggingar á lóðinni. Fyrirhuguð uppbygging fer aðallega undir nýjar íbúðir en einnig skrifstofur, verslanir og þjónustur. Svæðið einkennist af lágum eins til tveggja hæða samfelldum byggingum, stóru bílastæði og gróðurlitlu svæði með almennt gráu yfirbragði. Svæðið byggist upp frá árinu 1997-1999 og eru byggingarnar frá þeim tíma.

Ekki hefur verið gerð húsakönnun né fornleifaskráning fyrir Spöngina en verða þær unnar í framhaldinu.

Fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningu á tilteknu svæði telst ekki lokið fyrr en skráningin hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands hefur ekki athugasemdir á þessu stigi, en tillaga að deiliskipulagi svæðisins þarf að koma til umsagnar hjá Minjastofnun Íslands þegar hún liggur fyrir.

Virðingarfyllst,

Magnús A. Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir teknar á grundvelli laga nr. 80/2012 eru kærarlegar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun og fer málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993.

Mál nr. 0556/2026 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0556/2026, Spöngin - USK25100240 (Lýsing)

Athugasemd:

Umsögn Almenningsamangna höfuðborgarsvæðisins ohf.

Höfundur: Ragnheiður Einarsdóttir

Sent inn þann: 04.06.2026

Viðhengi:

4.1.Spöngin - Umsögn Almenningsamangna höfuðborgarsvæðisins ohf.pdf

Spöngin

Umsögn ASHB um skipulagslýsingu uppbyggingar við Spöngina í Grafarvogi.

Reykjavíkurborg hefur óskað eftir umsögn frá Almennings­samgöngum höfuðborgarsvæðisins (ASHB) vegna skipulagslýsingar fyrirhugaðrar uppbyggingar í Spönginni. Í skipulagslýsingunni kemur fram að fyrirhuguð uppbygging skuli tengjast núverandi stíganeti og nærliggjandi almennings­samgöngukerfi. ASHB áréttar að mikilvægt er að uppbyggingin tengist einnig Nýju leiðaneti, þ.e. Borgarlínuleið B og almennum leiðum L, M og U. Gönguleiðir að biðstöðvum almennings­samgangna skulu vera greiðar, öruggar og aðgengilegar. Að sama skapi þurfa aðstæður á stoppistöðvum að vera viðunandi, sér í lagi hvað varðar aðgengi og öryggi farþega.

3. júní 2026

F.h. Almennings­samgangna höfuðborgarsvæðisins,

Helga Magnadóttir

Mál nr. 0556/2026 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0556/2026, Spöngin - USK25100240 (Lýsing)

Athugasemd:

Umsögn send inn fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Höfundur: Svava Svanborg Steinarsdóttir

Sent inn þann: 05.06.2026 , **Fyrir hönd:** Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar

Viðhengi:

5.1.HER_umsögn_Spöngin_05_06_26.pdf



Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 5.júní 2026
HER-202605-7898

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 556/2026 í skipulagsgátt, Spöngin - USK25100240. Skipulagslýsing.

Vísað er til máls nr. 657/2024 í skipulagsgátt, nr. 556/2026 í skipulagsgátt, Spöngin - USK25100240. Skipulagslýsing. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn

HER vill byrja á að gagnrýna að loftgæði séu ekki meðal þeirra umhverfisþátta sem skipulagslýsingin tilgreinir að eigi að meta. Umtalsverð umferð er um Borgarveg og geta loftgæði því verið áskorun fyrir byggð sem yrði staðsett nálægt honum. Það þarf því að gera grein fyrir þessum umhverfisþætti í mati í deiliskipulagsvinnunni.

HER vill einnig árétta að sé fyrirhugað að koma fyrir blágrænum ofanvatnslausnum á deiliskipulagssvæðinu er nauðsynlegt að skoða þær í samhengi við slíkar lausnir og aðrar ofanvatnslausnir á nærliggjandi svæðum. Að öðrum kosti er ekki unnt að tryggja að flæði ofanvatns um og í gegnum deiliskipulagssvæðið sé með fullnægjandi hætti.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri

Mál nr. 0556/2026 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0556/2026, Spöngin - USK25100240 (Lýsing)

Athugasemd:

Meðfylgjandi er umsögn Vegagerðarinnar

Höfundur: Cecilía Þórðardóttir

Sent inn þann: 05.06.2026 , **Fyrir hönd:** Vegagerðin - Höfuðborgarsvæði

Viðhengi:

6.1.556_2026 Spöngin.pdf

Nýtt deiliskipulag - lýsing

Umsögn Vegagerðarinnar



Móttakandi:

Sveitarfélag:	Reykjavíkurborg
Nafn:	Helena Stefánsdóttir
Netfang:	-

Nýtt deiliskipulag, lýsing:

Nafn skipulags:	Spöngin
Hönnuður:	Reykjavíkurborg
Dags. gagna:	Apríl 2026
Málsnúmer á skipulagsgátt:	556/2026

Síða 1/1

Vegagerðin hefur yfirfarið ofangreint efni með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar og gerir ekki athugasemdir.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Cecilía Þórðardóttir
Verkefnastjóri hjá Höfuðborgarsvæði

Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabæ
+354 522 1000

SNI-2305-1

Mál nr. 0556/2026 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 0556/2026, Spöngin - USK25100240 (Lýsing)

Athugasemd:

Meðfylgjandi er umsögn Betri samgangna.

Höfundur: Þóra Jóhannesdóttir Kjarval

Sent inn þann: 05.06.2026

Viðhengi:

7.1.Spöngin, skipulagslýsing. Umsögn Betri samgangna 5.6.2026.pdf



Reykjavík, 5. júní 2026

Efni: Spöngin, skipulagslýsing. Umsögn Betri samgangna.

Tilvísun: BES-REK-2026-06-05-BR-001

Betri samgöngur hafa fengið til umsagnar skipulagslýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir Spöngina. Skipulagslýsing er kynnt skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gert er ráð fyrir að Borgarlína (Lota 5) muni aka eftir Borgarvegi úr austri, að Spönginni. Við gerð nýs deiliskipulags fyrir Spöngina þarf að huga að rýmisþörf fyrir innviði Borgarlínu. Einnig er mikilvægt að gera ráð fyrir góðum tengingum gangandi og hjólandi vegfarenda við aðliggjandi stígakerfi og tryggja gott aðgengi að almenningssamgöngum og Borgarlínustöðvum.

Betri samgöngur hafa kynnt sér efni tillögunnar og gera ekki athugasemdir á þessu stigi en leggja áherslu á gott samráð við áframhaldandi vinnslu deiliskipulagstillögunnar.

**Virðingarfyllt,
f.h. Betri samgangna ohf.**

Póra Kjarval,
verkefnastjóri skipulagsmála